

Mættir: Ágúst F. Jakobsson skólastj, Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Rósa Lilja Thorarensen fltr. kennara, Anna María Daníelsdóttir fltr. starfsf., Edda Gíslrún Kjartansdóttir aðstoðarskólastj. sem ritari. Fulltrúar foreldra forfallaðir.

Dagskrá:

Skóladagatal 2021-2022

Ein breyting síðan skóladagatalið var kynnt síðast, sú að hafa öskudag skertan dag. Gert ráð fyrir að skóladegi hjá öllum nemendum ljúki eftir mat þann dag og Krakkakot taki við yngri nemendum. Skóladagatalið samþykkt af skólaráði.

Stundatöflurammi næsta vetrar

Skóli styttist hjá 1.-4. bekki þar sem kennslumagn hjá þeim hópi fer úr 32,5 vikustundum í 30 vikustundir eins og viðmið gera ráð fyrir. Skóla lýkur því um 13:40 en ekki 14:00, getur breyst um 5 mínútur til eða frá þar til stundatöflurammi liggur endanlega fyrir.

Hádegisfrímínútur, umræða um að í athugun er að skipta þeim upp. Þá væru færri úti í frímínútum í einu, bæði börn og fullorðnir. Kostir að meiri blöndun væri á milli starfsfólks í hádegismat og mögulega færri árekstrar á fótboltavöllum.

Námsmat í vor

Óbreytt frá síðasta ári.

Endurskoðaðar skólareglur hvað varðar símanotkun nemenda

Endurskoðaðar símareglur kynntar og samþykktar. Þær eru svohljóðandi:

Í Flataskóla er nemendum óheimilt að nota eigin síma eða snjalltæki.

Ef nemendur þurfa að mati foreldra að koma með síma eða snjalltæki í skólann skal vera slökkt á tækjunum eða þau í flugham. Tækin eru ávalt á ábyrgð eigenda sinna.

Viðurlög ef reglum um síma er ekki fylgt:

- Fylgi nemandi ekki farsímareglum er hann minntur á reglurnar og gert að ganga frá símanum. Brjóti nemandi reglurnar ítrekað þrátt fyrir áminningu er honum boðið að velja á milli þess að:

a. afhenda kennara/starfsmanni símann. Síminn er geymdur hjá umsjónarkennara til loka skóladags.

b. fara á skrifstofu skólans og bíða þar uns foreldri hefur komið í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins.

Ef nemandi á endurtekið í erfiðleikum með að fylgja farsímareglum Flataskóla getur komið til þess, að höfðu samráði við foreldra, að honum verði bannað að koma með síma í skólann.

Viðmið um starfshætti

Kíkt inn í skjal sem er í vinnslu. Engar ákvarðanir teknar. Verður unnið meira í skjalinu áður en það verður kynnt betur.